enda er upp komið í málinu, að þegar gert hefur verið upp við vélstjóra samkvæmt kauptryggingarreglu þeirri, er fylgt hefur verið um II. gr. samningsins frá 28. des. 1946, hafa vélstjórum aðeins verið reiknaðir fæðispeningar samkvæmt þeirra eigin samningi. Að þessu athuguðu þykir bera að sýkna stefnda að öllu leyti af þessum kröfulið stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

C-liður III. gr. framangreinds samnings frá 28. des. 1946 er rétt framkvæmdur svo, að þegar ekki aflast fyrir lágmarkstryggingu þeirri, er um ræðir í VII. gr. sama samnings, þá fái hlutaðeigandi vélstjóri hundraðshluta af raunverulegum afla skips, svo háan, að nemi því, sem umsaminn hlutur vélstjóra á að vera hærri en venjulegur hásetahlutur.

Að öðru leyti skal stefndi, h. f. Njörður, vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Vélstjórafélags Ísafjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. júlí 1949.

Nr. 11/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Bílstjórafélags Akureyrar** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Kaupfélagi Eyfirðinga (Ólafur Jóhannesson prófl.).

Deilt um gildi kjarasamnings. Uppsögn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Bílstjórafélags Akureyrar gegn Kaupfélagi Eyfirðinga með stefnu, dags. 9. f. m. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt

verði, að kjarasamningur milli málsaðilja, sem undirritaður var 30. ágúst 1947, hafi fallið úr gildi og verið útrunninn 1. sept. 1948. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að hinn 30. ágúst 1947 undirrituðu aðiljar máls þessa samning um kaup og kjör vörubílaeigenda á Akureyri. Er 6. gr. samnings þessa svohljóðandi:

„Samningur þessi gildir frá og með 1. sept. 1947 til 1. marz 1948 og framlengist af sjálfu sér jafnlangan tíma hafi honum ekki verið sagt upp með eins mánaðar fyrirvara."

Stefnandi telur, að samkvæmt efni þessarar greinar hafi samningurinn fallið niður af sjálfu sér 1. sept. 1948, án þess að uppsagnar væri þörf, og hafi því síðan í raun og veru verið samningslaust milli aðilja. Hafi þessum málum ekkert verið hreyft við stefnda fyrr en s.l. vetur, en 15. febr. s.l. ritaði stefnandi stefnda bréf. Segir hann þar, að framannefndur „samningur virðist hafa fallið úr gildi 1. sept. síðastliðinn," og óskar eftir framlengingu á honum með þeirri breytingu á 6. gr., að í stað orðanna „1. marz og 1. sept." komi „1. maí og 1. nóvember," og á eftir orðunum „jafnlangan tíma" komi „hverju sinni."

Stefndi synjaði þessari málaumleitan með bréfi, dags. 8. marz s.l. Heldur hann því fram, að samningurinn sé enn í fullu gildi, þar sem samningurinn samkvæmt 6. gr. hans framlengist af sjálfu sér um 6 mánaða tímabil, miðað við 1. marz og 1. september, hafi honum ekki verið sagt upp með mánaðarfyrirvara miðað við þá daga.

Af því, sem fram hefur komið í máli þessu, má ráða, að aðiljar hafi ekki rætt það sérstaklega, þegar framangreindur kjarasamningur var gerður, til hve langs tíma hann skyldi gilda. Þegar þetta er haft í huga og þess gætt, að samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 falla kjarasamningar yfirleitt ekki niður nema þeim sé sagt upp sérstaklega, þykir eðlilegast að skilja ákvæði 6. gr. framangreinds samnings frá 30. ágúst 1947 svo, að hann framlengist af sjálfu sér um sex mánaða skeið í senn, nema honum hafi verið sagt upp með mánaðar

fyrirvara miðað við 1. sept. eða 1. marz ár hvert. Og með því að ekkert liggur fyrir um það, að honum hafi verið sagt upp miðað við þann tíma, ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Eyfirðinga, á að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Bílstjórafélags Akureyrar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júlí 1949.

Nr. 8/1949. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Slippfélagsins í Reykjavík h/f** (Björgvin Sigurðsson hdl.).

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Sveinafélags skipasmiða (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Deilt um forgangsréttarákvæði í kjarasamningi. Skipasmiðir.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 28. apríl þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Slippfélagsins í Reykjavík h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Í 12. gr. kjarasamnings, dags. 24. marz 1947, milli Sveina-